

## Skólaráðsfundur

<b>FUNDARGERÐ</b>	Tílefni fundar		
	Fjórði fundur skólaráðs		
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
12.02. 2014	(08:15 – 10:15)	Skrifstofa skólastjóra, Hjalla	4
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Sigrún Guðm.	Sigrún B.	1

Boðaðir voru:
Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hallgrímur Geir Gylfason, Selma Guðmundsdóttir, Hólmfríður Einarsdóttir, Ragnar Gíslason, Jakob, Guðrún Embla og Birna Særós.
Mættir voru:
Allir mættir.
Málefni fundar:
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Skipulag fram á vor</li> <li>2. Fjárhagsáætlun</li> <li>3. Önnur mál.</li> </ol>

Málefni	Niðurstaða
1. Skipulag fram á vor.	Farið yfir starfsáætlun skólans, skipulag fram á sumar. Öskudagur verður skertur dagur og þá verður skólastarf brotið upp. Heilsudagur, tengjast heilsueflandi skóla. Stefnumótunardagur 8. maí. komu upp nokkrar hugmyndir varðandi skipulag hans en þær verða betur ræddar á næsta fundi. Umræða um hvort prófadagur hjá unglingastigi gætu verið fyrir á næsta skólaári – umræða sem tekin verður fyrir á deildarfundum.
2. Fjárhagsáætlun.	Sigrún fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Önnur mál	<p>Kynntar voru reglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi gagnvart börnum, kynferðislegu, andlegu og líkamlegu. Ef grunur vaknar hvað eigi að gera. Verið er að skoða verklagsreglur gagnvart starfsmönnum.</p> <p>Sagt frá árangri stúlkna skólans (sem eru í 10 og 3 bekk) í Íslandsmeistaramóti í skák en þær urðu í öðru sæti – frábær árangur.</p> <p>Umbótaáætlun, ytra mat Álfhólsskóla. Vel unnið af hálfu skólans, enn verið að vinna í áætluninni. 2016 verður farið yfir hvernig til hefur tekist.</p> <p>Niðurstöður í Pisa, farið yfir þær, betri en fjölmiðlar hafa látið í veðri vaka.</p> <p>Frammistöðumat, hvernig fannst fólki til takast? Sammála um að það vanti aðeins útskýringar fyrir aftan einkunnir. Viðtölin voru faglegri. Jákvætt hvað verkefnabókin er mikið notuð á mið- og unglingastigi. Mikilvægt að kennarar leggi sama skilning í einkunnargjöfina.</p> <p>Dægradvöl rædd og farið yfir skipulag hennar en mikil óánægja varðandi hana kom fram í foreldraviðtölum.</p> <p>Gestanetið verður tekið í notkun fljótlega. Foreldrar þurfa að skrifa undir leyfi sem börnin þurfa fyrir þau tæki sem þau koma með.</p> <p>Fyrirspurn um hvort hægt sé að koma tilkynningum um veikindi kennara til foreldra/nemenda á morgnana.</p> <p>Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 6. mars.</p> <p>Fundi slitið 10:15</p>